

Leiðbeiningar þessar eru ætlaðar eftirlitsfólki vettvangseftirlits eða fiskeldisdeildar sem gera þarf úttekt á starfsstöðvum sem óska þess að fá leyfi til útflutnings fiskeldisafurða til Ástralíu skv. LBE-189 um framleiðsluleyfi fyrir Ástralíu.

Forsendur úttektar

- Starfsstöðin skal hafa starfsleyfi með samþykkisnúmeri frá Matvælastofnun (MAST) – skráð í Ísleyf gagnagrunn.
- Starfsstöðin þarf að hafa gilt leyfi til vinnslu á eldisfiski/laxfiski.
- Ef starfsstöðin hyggst framleiða hitameðhöndlaðar laxfiskafurðir skal það hafa leyfi fyrir þeirri starfsemi.
- Starfsstöðin þarf að hafa tiltækar upplýsingar um ástralskar sérkröfur skv. fylgiskjali A og B – endurskoðaðar kröfur.
- Starfsmenn verða að hafa hlotið fullnægjandi þjálfun varðandi ástralskar sérkröfur.

Gæðahandbók starfsstöðva

Starfsstöðvar sem uppfylla skilyrði til útflutnings laxfiskafurða til Ástralíu þurfa að sýna fram á hvernig þær uppfylla ástralskar sérkröfur í skrifuðu verklagi í gæðahandbók:

- Að uppruni hráefnis sé frá íslenskum eldisstöðvum eða öðrum samþykktum löndum/starfsstöðvum sem hafa verið samþykkt af Ástralíu (Ástralía, Kanada, Danmörk, Nýja-Sjáland, Noregur, Írland, Bretland og/eða Bandaríkin).
- Rekjanleika hráefna og lokaafurða.
- Ef starfsstöðin framleiðir laxfiskafurðir bæði frá starfsstöðvum frá samþykktum og ósamþykktum löndum þarf viðeigandi verklag að vera til staðar og lýst í gæðahandbókinni til aðgreiningar á afurðum.(væntanlega til að sýna fram á hvernig starfsstöðin tryggir aðskilnað?).

Rekjanleiki og uppruni laxfiskafurða ætlaðar til útflutnings til Ástralíu

Opinberi eftirlitsaðilinn verður að sannreyna hvort:

- Starfsstöðin fái laxfiskhráefni frá ósamþykktum löndum.
- Eingöngu afurðir tilgreindar á afurðalista í viðauka 1 í fylgiskjali A og B – endurskoðaðar kröfur, má flytja til Ástralíu.
- Heilbrigðisvottorð staðfestirað ástralskar kröfur séu uppfylltar.

Aðskilnaður hráefnis og vinnslu afurða ætlaðar til Ástralíu

Opinberi eftirlitsaðilinn verður að sannreyna hvort:

- Starfsstöðin sé með fullnægjandi verklagsreglur til að tryggja aðskilnað milli laxfiskhráefnis frá samþykktum löndum/samþykktum starfsstöðvum og laxfiskhráefnis frá ósamþykktum löndum/starfsstöðvum.
- Aðskilnað hráefnis og vinnslu sem er ætlað til Ástralíu frá annarri framleiðslu – tíma eða rými:
 - Með því að framleiða í fyrstu framleiðslulotu dagsins
 - Með því að framleiða á ákveðnum dögum
- Alþrif og sótthreinsun framkvæmd fyrir og milli framleiðslulota
- Öll framleiðsla sem er ætluð til Ástralíu skal vera skráð m.t.t. rekjanleika sem sýnir fram á uppruna hráefnisins.

- Allar afurðir sem eru ætlaðar til útflutnings til Ástralíu skulu vera geymdar aðskildar frá öðrum afurðum.

Framleiðsluferlið og lokaafurð

Starfsstöðin skal hafa skrifað verklag fyrir laxfiskafurðir sem tekur mið af áströlskum kröfum.

Opinber eftirlitsaðili sannreynir hvort farið sé eftir framleiðsluleiðbeiningum á viðunandi hátt;

- Afurðir í neytendapakkingum:
 - Sneiðarmeð dálk og roði að undanskildum uggum, hver sneið skal ekki vega meira en 450 grömm.
 - Flök með eða án roðs, að undanskildum þunnildi og öll bein nema dálkur óháð þyngd.
 - Slægður, hausaður fiskur sem hver vegur ekki meira en 450 grömm.
 - Afurð sem er unnin meira en lýst er að ofan.
- Afurðir fyrir frekari vinnslu:
 - Haus, tálkn og innyfli verða að vera fjarlægð, innra og ytra yfirborð verða að vera vel þriffin fyrir útflutning til Ástralíu.
- Hitameðhöndlaðar laxfiskafurðir:
 - Ef varan er hitameðhöndluð verður úttektaraðilinn að taka út öll eftirfarandi atriði:
 - Flæðirit, hættugreiningu, mikilvæga stýristaði (MSS), vöktun á MSS, sannprófun á MSS, skráningar og skjalahald á MSS.
 - Ef starfsstöðin framleiðir ekki og hyggst ekki framleiða hitameðhöndlaðar afurðir á þetta ekki við.

Opinber eftirlitsaðili skal sannreyna hvort pökkun afurða sé fullnægjandi. Laxfiskafurðum verður að pakka stökum, plast hólkum, pokum eða öðrum umbúðum, eða sem lausum bitum í öskjur, óháð þyngd.

Sending og vottun vöru

Opinber eftirlitsaðili skal sannreyna hvort:

- Gámar eru innsiglaðir strax eftir hleðslu.
- Myndir séu teknar samkvæmt leiðbeiningum frá MAST.
- Öllum nauðsynlegum upplýsingum fyrir vottun sé skilað til MAST.

Starfsstöðin verður að uppfylla ofangreindar kröfur til að öðlast og viðhalda leyfi fyrir útflutning af laxfiskafurðum til Ástralíu.